


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016	<b>Heilbrigðisfræði Fjarnám HBFR1HH05 Námsáætlun vorönn 2017</b>	
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2		

<b>Kennari</b>	Inga Björg Ólafsdóttir ( <a href="mailto:inga@vma.is">inga@vma.is</a> ).	<b>Sk.st.</b>	IBÓ
----------------	--	---------------	-----

Í áfanganum er heilbrigðishugtakið skilgreint. Lögð er áhersla á hlutverk og sögulega þróun heilbrigðisfræði og áhrif hennar á nútíma heilbrigðismál. Fjallað er um helstu heilbrigðisvandamál í nútíma samfélagi og forvarnir gegn þeim. Fjallað er um skipulag heilbrigðisþjónustunnar og helstu stofnanir, sem móta stefnu í forvörnum, heilsueflingu og heilbrigðisfræðslu. Einnig er fjallað um smitsjúkdómavarnir, kynsjúkdómavarnir, tóbaksvarnir, áfengis- og vímuefnavarnir, geðvernd, beinvernd og mæðra- og ungbarnavernd. Fjallað er um umhverfisheilbrigðisfræði og tengsl mengunar og sjúkdóma skoðuð ásamt helstu mengunarvörnum. Áhersla er lögð á forvarnarstarf gegn sjúkdómum og slysum, áhættuþætti sem þeim tengjast og hvernig einstaklingar geta haft áhrif á eigið heilbrigði.

#### **Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**

- heilbrigðishugtakinu
- sögulegri þróun heilbrigðisfræði og áhrifum á heilbrigðismál
- helstu heilbrigðisvandamálum í nútíma samfélagi og forvörnum gegn þeim
- uppbyggingu og skipulagi heilbrigðisþjónustunnar á Íslandi
- aðferðum og aðgerðum sem stuðla að heilsueflingu og forvörnum sjúkdóma
- ábyrgð einstaklingsins á eigin heilsu
- helstu umhverfispáttum sem ógnað geta heilbrigði

#### **Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**


- lýsa uppbyggingu og skipulagi heilbrigðisþjónustunnar á Íslandi
- afla á fjölbreyttan hátt þekkingar um aðgerðir og aðferðir sem stuðla að slysavörnum, heilsueflingu og forvörnum sjúkdóma
- sýna í verki að hann tekur ábyrgð á eigin heilsu
- gera grein fyrir umhverfispáttum sem geta ógnað heilbrigði manna

#### **Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- útskýra heilbrigðishugtakið út frá mismunandi menningarheimum
- greina samspil lífsstíls og heilsu
- greina eigin lífsstíl og áhættuþætti tengda honum
- álykta um áhrif heilbrigðisfræðinnar á þróun heilbrigðismála í nútímanum
- **miðla á skapandi hátt upplýsingum um helstu heilbrigðisvandamál og forvarnir þeirra**

**Námsgögn:** Líf og heilsa. Höf.: Else Kari Bjerva, Reidum Haugen og Sigrid Stordal. Þýdd af Elísabetu Gunnarsdóttur. 1. útgáfa 2003.

E.t.v. greinar settar á Moodle.

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2	<b>Heilbrigðisfræði Fjarnám HBFR1HH05 Námsáætlun vorönn 2017</b>	

### Áætlun um yfirferð:

Vika	Námsefni	Verkefni
1. lota	Kynning og námsáætlun. Kafli 1 til 6.	Verkefni unnin í hverri viku.
2. lota	Kafli 7, 8, 13, 17, 19, 20.	Verkefni unnin í hverri viku.
Verkefnin	Kynning/Fræðsla: hver nemandi fær úthlutuðum einum kafla úr bókinni (sem ekki er farið í í 1. eða 2. lotu) til að vinna með. Skilað í 2. lotu. Heilsufarsmat og markmið: Skila í 1. lotu. Skýrsla: heilsufarsmarkmið metin með rökum, skilað í lok nóvember.	

### Námsmat og vægi námsþátta:

<b>Matsform:</b>	<input type="checkbox"/> Símat	<input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
<b>Námsmatsþættir</b>	<b>Lýsing námsmatsþátta</b>		<b>Vægi</b>
Skrifleg verkefni	10 skrifleg verkefni á Moodle úr 12 köflum úr bókinni		15 %
Kynning/Fræðsla	Fræðsla eða kynning á efni úr einum kafla bókarinnar		10 %
Heilsufarsmat og markmiðssetning	Nemandi metur andlega, félagslega og líkamlega heilsu hjá sér og setur sér heilsufarsmarkmið		7 %
Skýrsla	Endurmat á markmiðum		3 %
Lokapróf	Lokapróf í maí.		65 %
	<b>Samtals:</b>		<b>100%</b>

**Annað:** Til að ljúka áfanganum þarf að ná 40 % árangri út úr lokaprófi (65%).  
Kennari áskilur sér rétt til breytinga á námsáætlun.

Dagsetning: 17.2.17

*Inga B. Ólafsd.*

Undirritun kennara

*María A. Fr.*

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils